



Eykt hf.

*Pekkingarfyrirtæki
í byggingariðnaði*

**Lynghálsi 4
110 Reykjavík
Sími: 595-4400
www.eykt.is**

Eykt fréttabréf

Útgefandi: Eykt hf.

**Ritstjórn og umsjón
útgáfu:**

*Áslaug Kr. Hansen
Gunnar Valur Gíslason
Páll Daníel Sigurðsson*

Ábyrgðarmaður:

Gunnar Valur Gíslason

Prentun:

Hjá Oss ehf.

Meðal efnis í blaðinu:

FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRN - Skrifstofan flytur í vor
HAFNARFJARÐARBÆR - Hús framkvæmdasviðs rís
SKARFAGARÐAR 4 - Eykt byggir fyrir Hampiðjuna
SÓLBORGIR Í HVERAGERÐI - Aðalskipulagsbreyting frágengin
FLATAHRAUN 13 - Nýtt verslunar- og skrifstofuhús í farvatninu
STUÐLAHÁLS 2 - Dreifingarmiðstöð ÁTVR á lokastigi
GRJÓTHÁLS 5 - Leigusamningur við Össur hf. framlengdur
HÖFÐATORG - Samið við Reykjavíkurborg um aukið leiguhúsnæði
AF VETTVANGI STARFSMANNA - „Framtíð í nýju landi“
FISKISLÓÐ 11-13 - Hús fyrir Geymslur ehf. risið
HESTHÁLS 14 - Strætó bs. í nýja húsnæðið
GYLFAFLÖT 9 - Innréttingu fyrir Landsnet lokið
MALARHÖFÐI 10 - Ný steypustöð Mest
HELLUVAÐ 7-21- Nær allar íbúðir seldar

Eykt sendir öllu starfsfólki sínu og viðskiptavinum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Frá framkvæmdastjórn

Skrifstofan flytur í vor



Jólagjöfum til starfsfólks pakkað inn á skrifstofunni.

Fyrirhugað er að flytja alla skrifstofustarfsemi Eyktar í vor að Borgartúni 3. Húsið var keypt af Reykjavíkurborg fyrr á þessu ári.

Fjármála- og viðskiptasvið, fasteignasvið og byggðaþróunarsvið fyrirtækisins eru nú til húsa í Lynghási 4 og framkvæmdasviðið er í Skúlagötu 63.

Eftir flutninginn verður öll skrifstofustarfsemi fyrirtækisins undir einu þaki á ný.

Borgartún 3 er fjögurra hæða hús. Á efstu hæð verða fundarsalir og kaffiaðstaða starfsfólks. Á 2. og 3. hæð verða skrifstofur fyrirtækisins og meginhluti jarðhæðar verður leigður út.

Hafnarfjarðarbær

Hús framkvæmdasviðs rís

Framkvæmdir við byggingu nýrra höfuðstöðva fyrir framkvæmdasvið Hafnarfjarðarbæjar hófust nú í sumar og gert er ráð fyrir að Eykt skili fullbúnu húsi snemma vors 2008.

Húsið stendur við Suðurellu 1, rétt vestan við núverandi íbúðabyggð í Vallahverfi og mun hýsa hinar ýmsu deildir framkvæmdasviðs, svo sem vatnsveitu bæjarins, garðyrkjudeild, umferðardeild o.fl.

Arkitektastofan Batterið er aðalhönnuður hússins en VSÓ og VHÁ eru verkfræðihönnuðir.

Aðalbyggingin er tvískipt, annars vegar verkstæðishluti, ca. 1.600 fermetrar og hins vegar skrifstofuhluti, ca. 1.200 fermetrar á tveimur hæðum. Miklar kröfur eru gerðar til alls frágangs og kerfa hússins. Um 200 fermetra útihús verður á lóðinni.

Aðalburðarvirki hússins er stálgrind, klædd að utan með samlokueiningum og áklæðningu.

Lóðin er 13.000 fermetrar að stærð og verður skilað fullbúinni með malbiki, hellulögn, gróðri og girðingum.



Frá byggingarframkvæmdum í Hafnarfirði.

Skarfagarðar 4

Eykt byggir fyrir Hampiðjuna

Í júnímánuði sl. fór fram útboð á vegum Hampiðjunnar hf. um byggingu höfuðstöðva fyrirtækisins við Skarfagarða 4, Reykjavík. Eykt bauð lægst í verkið og í kjölfarið var gengið til samninga við fyrirtækið um byggingu hússins.

Byggingin er að hluta til einnar hæðar stál-grindarhús og að hluta til þriggja hæða steinsteypt skrifstofubygging. Í húsinu verða skrifstofur og netaverkstæði Hampiðjunnar. Heildarflatarmál byggingar er 6.073 fermetrar og rúmmál um 50.820 rúmmetrar.

Verkefni Eyktar samkvæmt verksamningi felur í sér gröft, fyllingar, uppsteypu, reisingu stálgrindar, klæðningar, glerjun, lóðarfrágang og annað það sem þarf til að fullgera húsið að utan og innan.

Verkinu skal að fullu lokið í ágúst 2008.

Formleg undirritun verksamnings fór fram á skrifstofu Eyktar, Lynghálslí 4, í ágúst sl. Samningurinn var undirritaður af Gunnari Val Gíslasyni, forstjóra, fyrir hönd Eyktar og Jóni Guðmann Péturssyni, forstjóra, fyrir hönd Hampiðjunnar.



Hús Hampiðjunnar við Skarfagarða 4 verður glæsileg bygging.

Höfðatorg

Samið við Reykjavíkurborg um aukið leiguhúsnæði

Þann 16. mars sl. var undirritaður samningur milli Reykjavíkurborgar og Höfðatorgs, sem er fasteignafélag í fyrirtækjasamsteypu Eyktar, um að borgin taki á leigu um 7.000 fermetra húsnæði á fyrstu fjórum hæðum og kjallara hússins Borgartún 10-12 á Höfðatorgi.

Samhliða þessu keypti Höfðatorg eignirnar Skúlatún 2, Borgartún 1, Borgartún 3 og Hverfisgötu 14 og 14 A af borginni.

Nú hafa verið undirritaðir viðbótar leigusamningar þar sem borgin tekur auk þess alla 5., 6. og 7. hæð hússins á leigu.

Í Borgartúni 10-12 mun á vegum borgarinnar m.a. verða öll starfsemi framkvæmdasviðs, skipulags- og byggingarsviðs og umhverfissviðs.

Allir leigusamningarnir við borgina eru til 25 ára.

Um þessar mundir er unnið að innréttingu húsnæðisins fyrir Reykjavíkurborg.

Gert er ráð fyrir að starfsemi hefjist í húsinu fljótlega eftir áramót þegar umhverfissvið borgarinnar flytur inn á 3. hæð hússins. Áfram verður haldið með innivinnu þar til húsnæði Reykjavíkurborgar verður að fullu innréttað.



Glerjað á Höfðatorgi.

Aðalskipulagsbreyting frágengin



Kliffækur í Sólborgum.

Nú er lokið nauðsynlegum breytingum á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar vegna íbúðarhverfisins Sólborga í landi Eyktar í Hveragerði. Breytingartillagan hefur verið afgreidd frá Skipulagsstofnun til umhverfisráðherra sem hefur áritað aðalskipulagið og hefur það þegar öðlast gildi.

Eftir auglýsingu á tillögu að breyttu aðalskipulagi komu fram athugasemdir frá Vegagerð ríkisins og sveitarfélaginu Ölfusi um staðsetningu og útfærslu á tengingu hverfisins við Suðurlandsveg. Sömuleiðis bárust athugasemdir um fyrirhugaða tengingu Ölfusborga gegnum hverfið.

Úrvinnsla á þessum athugasemdum leiddi til talsverðra breytinga á vegtengingum hverfisins og því þarf að gera breytingar á fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu áður en hún verður auglýst.

Næstu skref

Vinna við gerð breyttrar deiliskipulagstillögu er nú

í gangi. Fyrir liggur að gera þarf breytingar á innra gatnakerfi og þjónustusvæði hverfisins miðað við fyrri tillögu með tilsvarendi endurröðun húsa og húsagerða.

Ýmislegt sem leiðir af þessum breytingum mun í sjálfu sér verða til bóta. Í tillögunni er áfram gert ráð fyrir um 900 íbúðum í hinu nýja hverfi. Á um þriggja hektara skólalóð verður byggður grunnskóli, íþróttahús og leikskóli. Stór lóð er undir verslunarmiðstöð hverfisins og 12 lóðir undir atvinnuhúsnæði.

Gert er ráð fyrir að hverfið tengist Suðurlandsvegi með mislægum gatnamótum. Hverfið tengist síðan eldri bæjarhluta Hveragerðis með brú yfir Varmá og vegtenging er við frístundabyggðina í Ölfusborgum.

Um leið og sér fyrir endann á deiliskipulagsvinnu verður leitað tilboða í hönnun gatna og lagna. Reiknað er með að ljósleiðari muni liggja um hverfið og gera netvæðingu þess skilvirka og auðveldla.



Litill snáði á Blómstrandi dögum í Hveragerði í ágúst 2007.

Flatahraun 13

Nýtt verslunar- og skrifstofuhús í farvatninu

Grjótháls, sem er fasteignafélag í fyrirtækjasamsteypu Eyktar, hefur keypt lóðina Flatahraun 13, Hafnarfirði ásamt húseignum á lóðinni af fasteignafélaginu Smáragarði.

Fyrirhugað er að fjarlægja núverandi hús af lóðinni og byggja þar nýtt verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag af hverfinu frá árinu 2005, þar sem heimilt er að byggja 5 hæða hús á lóðinni til fyrrgreindra nota.

Sótt hefur verið um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar til skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarbæjar þannig að heimilt verði að byggja á lóðinni sex hæða hús, þar af verði sjötta hæðin inndregin. Ráðið hefur nú heimilað að tillaga, sem Grjótháls hefur lagt fram af breyttu deiliskipulagi lóðarinnar, verði auglýst.



Smáragarður leigir húsin og lóðina af Grjóthálsi fram til hausts 2008. Þá verða mannvirkin fjarlægð af lóðinni og hafist handa um framkvæmdir. Samið hefur verið við teiknistofuna Vektor í Kópavogi um hönnun hins nýja húss á Flatahrauni 13.

Lóðin Flatahraun 13 er vel staðsett á horni Fjarðarhrauns og Flatahrauns. Þar standa nú vörugymslur BYKO, sem munu víkja næsta haust fyrir nýju verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Stuðlaháls 2

Dreifingarmiðstöð ÁTVR á lokastigi



Bygging vöruhúss og tengibyggingar fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að Stuðlahálsi 2 er á lokastigi.

Hin nýja dreifingarmiðstöð ÁTVR er tæplega 1.500 fermetra stálgrindarhús. Stálgrind og klæðningar flutti Eykt inn frá VP í Bandaríkjunum. Um þessar mundir er unnið að frágangi innanhúss og verður verkinu skilað nú í desember.

Samstarfsaðilar Eyktar í verkefninu eru arkitektastofan Batterið í Hafnarfirði og verkfræðistofan VSÓ-Ráðgjöf.

Hin nýja dreifingarmiðstöð ÁTVR.

Grjótháls 5

Leigusamningur við Össur hf. framlengdur

Fasteignafélagið Grjótháls hefur undirritað nýjan húsaleigusamning við stoðtækjafyrirtækið Össur hf. um húseignina Grjótháls 5 ásamt lóð. Leigusamningurinn er til tíu ára.

Össur hf. hefur verið með megin starfsemi sína í húsinu frá því húsið var tekið í notkun á árinu 1998. Eykt byggði húsið, sem er ríflega 5.860 fermetrar að stærð, fyrir fasteignafélagið Grjótháls.

Fyrirhugað er að Eykt ráðist í endurbætur á húsinu fyrir Grjótháls snemma á næsta ári og verður unnið út frá hönnunarforsendum sem Össur hf. mun leggja til.



Aðsetur stoðtækjafyrirtækisins Össurar hf. er að Grjóthálsi 5.

Hestháls 14

Strætó bs. í nýja húsnæðið

Strætó bs. hefur hafið flutninga frá Borgartúni og á þeim að ljúka á næstu tveimur vikum.

Frá og með 17. desember er gert ráð fyrir að strætisvögnum fyrirtækisins verði alfarið ekið út frá hinu nýja starfsvæði á Hesthálsi 14.



Guðbjartur verkstjóri lítur yfir vel unnið verk.

Samningsverk Eyktar við Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar, „Flutningur Strætó að Hesthálsi 14, breytingar á núverandi húsnæði og bygging nýrrar þvottastöðvar“, er á lokastigi.

Nokkuð hefur verið um breytingar og viðbætur í verkinu frá upphaflegum gögnum, sem lengt hefur verktímann. Gert er ráð fyrir að fram yfir áramót verði unnið að lokafrágangi lóðarinnar auk nokkurra fyrirliggjandi viðbótarverka.

Nýtt verkstæði Strætó verður tekið í notkun eftir nokkra daga. Tjakkakerfi verkstæðisins er tilbúið og verður prófað næstu daga. Tjakkarnir falla í steypar gryfjur sem fleyga þurfti nær fjóra metra niður í gólfíð.

Þvottastöðin, sem unnin er í alútboði, er langt komin og var þvottavélin prufukeyrð fyrir nokkru og gekk það vel. Þvottastöðin verður tekin í notkun á sama tíma og verkstæðið.

Gylfaflöt 9

Innréttingu fyrir Landsnet lokið

Samningsverki Eyktar við Landsnet um innréttingu húsnæðis fyrir fyrirtækið á Gylfaflöt 9 er nú lokið.

Undanfarið hefur verið unnið að innréttingu þess hluta hússins sem ekki tilheyrði upphaflega tilboðsverkinu. Það verk er langt komið en beðið er komu glerveggja sem settir verða upp fyrir jól.

Landsnet hefur hafið fulla starfsemi í hinum nýju húsakynnum.



Hin nýju húsakynni Landsnets.

Fiskislóð 11-13

Hús fyrir Geymslur ehf. risið



Hið nýja geymsluhúsnæði Geymsla ehf. er stálgrindarhús á um 1.800 m² grunnfleti. Stálgrind og klæðningar flutti Eykt inn frá VP í Bandaríkjunum.

Verkið hófst í mars 2007 og hefur verkið staðið yfir í um 9 mánuði. Innri frágangi hússins er nánast lokið, vinna við útisvæði er á lokastigi og verður verkinu skilað nú í desember.

Geymslur ehf. hafa þegar hafið starfsemi í húsinu með útleigu á geymslurýmum.

Af vettvangi starfsmanna

Eykt þátttakandi í verkefninu „Framtíð í nýju landi“



Þrír af fimm víetnömskum starfsmönnum Eyktar. Frá vinstri: Fannar Binh Van Nguyen, Tung Duy Duong og Khoi Hong Nguyen.

Framtíð í nýju landi (FÍNL) er þriggja ára tilrauna-verkefni Reykjavíkurborgar, Rauða Kross Íslands, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Alþjóðahúss og Velferðarsjóðs barna á Íslandi.

Verkefnið hefur það hlutverk að efla víetnömsk ungmenni á aldrinum 15-25 ára til þess að afla sér menntunar, skipuleggja líf sitt og verða þannig virkari í íslensku samfélagi.

Verkefnisstjórn verkefnisins samdi við Eykt um að taka þátt í verkefninu og hefur það samstarf nú varað í um tvö ár. Samstarfið hefur gefið góða raun og á margan hátt haft jákvæð áhrif á starfsandann í fyrirtækinu.

Eykt hefur nú þegar í starfsmannaliði sínu fjóra Víetnama tengda verkefninu. Toan Doy Nguyen og Khoi Hong Nguyen ráðgera að klára sveinspróf í húsasmíði 2008 og 2009. Tung Duy Duong byrjaði í september 2006 en hefur enn ekki hafið nám. Sá þriðji, Hoang Viet Le, byrjaði 13. nóvember sl. og hefur lokið einu og hálfu ári í húsasmíði við Iðnskólann í Reykjavík. Hefur verið góð reynsla af þessum starfsmönnum og hafa

þeir aðlagast fyrirtækinu og starfsmönnum vel. Markmiðið er að þessir ungu menn verði virkari þátttakendur í íslensku samfélagi og hefur Eykt lagt metnað í að hjálpa þeim til þess og telur það samfélagslega skyldu sína að taka þátt í verkefni sem þessu.

Þeir einstaklingar sem koma til starfa hjá fyrirtækinu í gegnum verkefnið FÍNL munu mennta sig í þeirri grein sem þeir fá vinnu við. Vonandi vegnar þeim vel og halda áfram hjá fyrirtækinu að námi loknu.

Eykt er með starfsmenn af mörgum þjóðernum. Fyrirtækið hefur reynt að taka vel á móti erlendum starfsmönnum sínum. Haldin hafa verið íslenskunámskeið fyrir þá sem vilja og hafa áhuga á að dvelja lengur í landinu en nokkra mánuði.

Reynt er að fá erlenda starfsmenn jafnt sem innlenda til að taka þátt í öllu félagsstarfi á vegum fyrirtækisins og efla þannig enn tengsl þeirra sem koma frá FÍNL eða á eigin vegum erlendis frá við íslenskt samfélag.

Framkvæmdir í gangi:

Brýr við tvöföldun Reykjanesbrautar

Borgartún 10-12, skrifstofuhús á Höfðatorgi

Höfðatún 2, skrifstofufuturn á Höfðatorgi

Orkuver 6, Svartsengi - 30 MW raforkuver

Fiskislóð 11-13, geymsluhúsnæði

Hesthál 4, flutningur Strætó bs.

Dreifingarmiðstöð fyrir ÁTVR

Hús framkvæmdasviðs Hafnarfjarðarbæjar

Tvö fjölbýlishús við Vesturgötu 7-9 á Norðurbakkanum, Hafnarfirði

Fjölbýlishús við Ferjuvað 1-5, Norðlingaholti

Skrifstofu- og framleiðsluhús Hampiðjunnar

Verk á döfinni:

Íbúðarbyggð við Sigtún 40

Skrifstofu- og verslunarhús við Stórhöfða 34-40

Skrifstofu- og verslunarhús við Sunnukrika 5-7, Mosfellsbæ

Skrifstofu- og verslunarhús við Flatahraun 13, Hafnarfirði

Uppbygging Sólborga austan við Varmá í Hveragerði

Jólahlaðborð starfsmannafélags Eyktar

Jólahlaðborð starfsmannafélags Eyktar var haldið á Grand hóteli laugardaginn 8. desember sl.

Góð mæting var. Alls voru um 130 starfsmenn og makar þeirra á svæðinu og nutu jólahlaðborðsins í falletum húsakynnum hótelsins.

Þegar líða tók á kvöldið komu vaskar söngkonur til leiks og sungu jólalög undir borðhaldi, gestum til mikillar ánægju.



Frá jólahlaðborðinu.

Malarhöfði 10

Ný steypustöð Mest



Malarhöfði 10:

Arkitekt: PK-arkitektar.
Verkfræðingar: Hnit.

Undirverktakar:
Jarðkraftur með jarðvinnu
og Alhliða Pípulagnir með
jarðlagnir.

Hin nýja steypustöð Mest á
Malarhöfða 10.

Vel hefur gengið að setja upp nýja steypustöð Mest á Malarhöfðanum. Eykt sá um alla verklega þætti varðandi steyp t mannvirki, uppsteypu, jarðvinnu og jarðlagnir ásamt uppsetningu á forsteyptum stoðveggjaeiningum. Þeirri vinnu lauk í september sl. og hefur síðan verið unnið að uppsetningu á stöðinni sjálfri.

Fengnir voru menn frá Liebherr til að annast uppsetningu stöðvarinnar ásamt starfsmönnum Mest. Prófanir á stöðinni fór fram undir lok nóvember og hófst framleiðsla á steypu í nýrri stöð í byrjun desember.

Eldri steypustöð Mest á Malarhöfðanum er orðin 44 ára gömul og komin til ára sinna hvað varðar afköst og gæði. Með nýrri steypustöð mun framleiðslugeta Mest á steypu aukast verulega ásamt því að gæði steypunnar batna til muna.

Í nýju stöðinni verða átta stór efnissiló sem gerir það að verkum að ekki þarf að safna efni upp á plani og moka því síðan í silóin, heldur verður efninu sturtað beint í silóin.

Öll aðkoma að stöðinni og aðstaða í kringum hana mun einnig verða stórbætt.

Helluvað 7-21

Nær allar íbúðir seldar



Nú hafa 70 íbúðir verið seldar í tveimur fjölbýlis-húsum sem Eykt byggði við Helluvað 7-21 í Norðlingaholti. Í húsunum eru alls 74 íbúðir og eru því aðeins fjórar íbúðir óseldar.

Arkitekt húsanna er Teiknistofan Tark og voru húsin byggð úr forsteyptum einingum frá Loftorku Borgarnesi.

Kaupendur eru allflestir fluttir inn og hefur húsfélagið tekið við rekstri sameignar húsanna.

Skrifstofuhúsnæði til leigu:

Skúlatún 2

Fyrrum húsnæði framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar á horni Borgartúns og Skúlatúns er laust til leigu. Staðsetning hússins er á besta stað í nýju fjármálaverfi borgarinnar og á efri hæðum hússins er mikið útsýni.

Húsið er alls um 3.250 fermetrar en dæmigerð hæð um 585 fermetrar. Rýmin geta verið af ýmsum stærðum eftir þörfum leigutaka. Skilaástand leigðra rýma er samkomulagsatriði. Skipulag hússins býður upp á að afhenda leigurými sem lokaðar skrifstofur eða opin rými. Húsnæðið er til afhendingar í apríl 2008 eða eftir nánara samkomulagi.

Frekari upplýsingar veitir Arngrímur Blöndahl í síma 595 4400 / 822 4401 eða á netfanginu arngrimur@eykt.is.

